

REGLUGERÐ

um veitingu héraðsdómslögmannsréttinda til erlendra lögmannna.

I. KAFLI

Lögmenn frá EES eða EFTA.

1. gr.

Ríkisborgari í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES-ríki) eða Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), öðru en Íslandi, sem hefur öðlast lögmannsréttindi í heimaríki sínu getur öðlast héraðsdómslögmannsréttindi hér á landi að uppfylltum skilyrðum þeim sem í reglugerð þessari greinir. Með heimaríki er átt við EES-ríki eða EFTA-ríki þar sem lögmaðurinn öðlaðist rétt til að nota eitthvert þeirra starfsheita sem talin eru í 2. gr.

2. gr.

Starfsheiti lögmannna skv. 1. gr. sem reglugerð þessi tekur til eru eftirfarandi:

í Austurríki	Rechtsanwalt
í Belgíu	Avocat/Advocaat/Rechtsanwalt
í Danmörku	Advokat
í Eistlandi	Vandeadvokaat
í Finnlandi	Asianajaja/Advocat
í Frakklandi	Avocat
í Grikklandi	Dikhgoroq (Dikigoros)
í Hollandi	Advocaat
í Írlandi	Barrister/Solicitor
á Ítalíu	Avvocato
á Kýpur	Δικηγόρος
í Lettlandi	Zvērinats advokāts
í Liechtenstein	Rechtsanwalt
í Litháen	Advokatas
í Luxembourg	Avocat
á Möltu	Avukat/Prokuratur Legali
í Noregi	Advokat
í Portúgal	Advogado
í Póllandi	Adwokat/Radca prawny
í Slóveníu	Odvetnik/Odvetnica
í Slóvakíu	Advokát/Komerčný právnik
á Spáni	Abogado/Advocat/Avogado/Abokatu
í Stóra-Bretlandi	Advocate/Barrister/Solicitor
í Sviss	Avocat/Advokat, Rechtsanwalt, Anwalt, Fürsprecher, Fürsprech/Avvocato
í Svíþjóð	Advokat
í Tékklandi	Advokát
í Ungverjalandi	Ügyvéd
í Þýskalandi	Rechtsanwalt

3. gr.

Lögmaður, sem hefur heimild til að nota starfsheiti samkvæmt 2. gr., og óskar eftir við dómsmálaráðuneytið að öðlast héraðsdómslögmannsréttindi hér á landi skal uppfylla skilyrði 1.-3. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um lögmenn, hafa þekkingu á meginreglum íslenskra laga og réttarkerfis og hafa nægjanlega kunnáttu og vald á íslenskri tungu til að geta flutt mál fyrir dómi.

Með umsókn hans skv. 1. mgr. skulu fylgja gögn um ríkisborgararétt hans og starfsréttindi og staðfesting, eigi eldri en tveggja mánaða, um að hann sé skráður með lögmansréttindi hjá lögbæru yfirvaldi í heimaríki sínu. Hann skal einnig leggja fram gögn sem sýna að hann uppfylli skilyrði 1.-3. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um lögmenn. Séu skilyrði uppfyllt gefur ráðuneytið út staðfestingu á að honum sé heimilt að þreyta prófraun skv. 4. gr.

4. gr.

Prófnefnd skv. 1. mgr. 7. gr. laga um lögmenn skal meta þekkingu og kunnáttu umsækjanda á þeim atriðum sem talin eru í 1. mgr. 3. gr. Skal nefndin prófa þekkingu umsækjanda í helstu greinum bóknáms sem varða lögmansstörf hér á landi og í siðareglum lögmanna. Prófraunin skal vera bæði munnleg og skrifleg og fara fram á íslensku.

Umsækjandi skal greiða gjald fyrir prófraunina, sem ákveðið er af ráðherra, og greiðist við útgáfu staðfestingar samkv. 3. gr. Gjaldið skal miðað við að það standi undir kostnaði við prófraunina, þar með talin laun prófnefndarmanna.

Meti prófnefnd þekkingu og kunnáttu umsækjanda fullnægjandi má veita honum réttindi sem héraðsdómslögmaður.

II. KAFLI

Lögmenn utan EES eða EFTA.

5. gr.

Óski lögmaður sem hefur lögmansréttindi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða EFTA eftir leyfi til að vera héraðsdómslögmaður á grundvelli lögmansréttinda sinna metur dómsmálaráðherra umsóknina á grundvelli framlagðra gagna. Umsækjandi skal ávallt þreyta prófraun skv. 4. gr.

Leyfisveiting skal ætíð háð því skilyrði að ríki það sem veitti umsækjanda lögmansréttindi veiti íslenskum lögmanni sambærileg réttindi með samsvarandi hætti.

III. KAFLI

Gildistaka.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 6. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998 og 4. gr. laga um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, nr. 83/1993, sbr. tilskipun 89/48/EBE, sem vísað er til í 1. tölul. VII. viðauka við saminginn um Evrópska efnahagssvæðið, og með hliðsjón af tilskipun 77/249/EBE og tilskipun 98/5/EC, sem vísað er til í 2. tl. og 2. tl. a. VII. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 101/1998 um málflutningsréttindi erlendra lögmanna o.fl.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. nóvember 2004.

Björn Bjarnason.

Bryndís Helgadóttir.